

REGLUGERÐ

um (10.) breytingu á reglugerð nr. 368/2000, um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur.

1. gr.

4. másl. 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Skilagjald skal nema 14,41 kr. án virðisaukaskatts á hverja umbúðaeiningu.

2. gr.

3. másl. og 4. másl. 8. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Skal endurgreiðslan þannig nema samtals 14,41 kr. án virðisaukaskatts á hverja umbúðaeiningu. Þó skulu líða 60 dagar frá hækkun álagðs skilagjalds þar til Endurvinnslan hf. hækkar endurgreiðslu til neytenda fyrir sérhverjar umbúðir, sem skilað verður, úr 15,00 kr. í 16,00 kr. með virðisauka-skatti.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 4. gr. laga um nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, öðlast gildi 1. janúar 2015.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 22. desember 2014.

F. h. r.

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.

Jón Geir Pétursson.